

Afgreiðslufundur

Árið 2026, fimmtudaginn 26. mars kl. 09:00 var haldinn 1900. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðjón Ingi Eggertsson, Sigríður J. Jónsdóttir og Tómas G. Gíslason sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Lögð fram umsókn Norr Invest ehf., kt. 490622-1870, dags. 6. mars 2026, um starfsleyfi fyrir innflutning á forpökkuðum matvælum (Norr Energy Gum). Geymsla og dreifing er hjá vöruhúsi með starfsleyfi samkvæmt samningi þar um. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi.
- Lögð fram umsókn 1486 ehf., kt. 511214-1220, dags. 12. mars 2026, um starfsleyfi fyrir veitingastað; veitingahús (Matur og drykkur) að Mýrargötu 31, F2354381, rými 01 0101. Flutningur í nýtt húsnæði.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn 1486 ehf., kt. 511214-1220, dags. 17. mars 2026, um skráningu á veitingastað (Matur og drykkur) að Mýrargötu 31, F2354381, rými 01 0101. Ný skráning.
Samþykkt að staðfesta skráningu sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir veitingastaði*.
- Lögð fram umsókn Krydds og Kaviars ehf., kt. 670400-3010, dags. 12. mars 2026, um skráningu á starfsemi þar sem notað er kælikerfi sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða ósoneyðandi efni sem og þjónusta við þau kerfi (Krydd og Kaviar) að Smiðshöfða 8, F2043068, rými 01 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að staðfesta skráningu, sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998*. Um starfsemina gilda *Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir starfsemi þar sem notað er kælikerfi sem inniheldur flúoraðar gróðurhúsalofttegundir eða ósoneyðandi efni sem og þjónusta við þau kerfi*.
- Lögð fram umsókn Listasafns Reykjavíkur, kt. 521280-0269, dags. 16. september 2025, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir safni (Kjarvalsstaðir) að Flókagötu 24, F2012276, rými 01 0101. Endurnýjun leyfis.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.
- Lögð fram umsókn Eirar, kt. 710890-2269, dags. 7. nóvember 2022, að loknu auglýsingaferli, um starfsleyfi fyrir dagþjónustu með móttökueldhúsi, engin eldun fer fram á staðnum, allur matur kemur tilbúinn til neyslu, (Óðinshús) að Fróðengi 9, F2314186, F2314187 og F2314188, matshluti 05, rými 0104, 0105, 0106, og 0108. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*.

7. Lögð fram tillaga um breytingu á starfsleyfi Reykjavíkurborgar, skóla og frístundasviðs, kt. 530269-7609, fyrir leikskóla að Funafold 42, F2213990, rými 0101. Nafn leikskólans hefur breyst úr Sunnufold funi í Funaborg. Einnig er bætt við starfsleyfið einni deild og gildir það nú fyrir 3 deildir - sú deild er í Skógarhúsi að Funafold 44, F2511234, rými 0101. Breyting á starfsemi.

Samþykkt að breyta starfsleyfi sbr. heimild til breytinga á starfsleyfum skv. 14. gr. *Laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*. Starfsemi er óbreytt, gildistími starfsleyfis er óbreyttur eða til 23. janúar 2030. Starfsleyfið er gefið út með *Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir leikskóla*.

8. Lögð fram umsókn Bleiku stofunnar ehf., kt. 570322-0870, dags. 18. júlí 2025, um starfsleyfi fyrir snyrtistofu (Bleika stofan) að Hraunbæ 102b, F2044915, rými 06 0101. Ný starfsemi.

Samþykkt að synja umsókn. Gögn sem fylgja skulu umsókn, það er staðfesting byggingafulltrúa á að starfsemin sé í samræmi við heimilaða notkun húsnæðis, hafa ekki borist.

9. Lögð fram umsókn North Tech Drilling ehf., kt. 560317-0930, dags. 9. janúar 2026, að loknu auglýsingaferli, um tímabundið starfsleyfi fyrir jarðboranir, 14.000 L olíugeymi til eigin nota, tveggja rafstöðva með uppsett afl 1,35 MW auk starfsmannaáðstöðu í Geldinganesi í Reykjavík, staðsetning skal vera í samræmi við hnitsetningu og afmörkun á mynd 2 í greinargerð umsækjanda með umsókn um starfsleyfi.

Samþykkt að veita tímabundið starfsleyfi til 1. júlí 2026 með *Almennum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og Starfsleyfisskilyrðum fyrir North Tech Drilling vegna jarðborunar í Geldinganesi*.

Fundi slitið kl. 09:45

Tómas Guðberg Gíslason

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Guðjón Ingi Eggertsson